

Akranesi, 18. nóvember 2008

**Heilbrigðisráðuneyti**  
**b.t. Hrönn Ottósdóttir, sviðsstjóri**  
**Vegmúli 3**  
**150 Reykjavík**

Efni: *Tillögur er varða lækkun útgjalda stofnunarinnar árið 2009*

Undirritaður leyfir sér með þessu bréfi að senda ráðuneytinu svar við erindi er barst stofnuninni með rafpósti síðdegis 14. nóvember s.l.

Í upphafi er nauðsynlegt að gera ofurlitla grein fyrir fjárhagslegri stöðu stofnunarinnar um þessar mundir. Samkvæmt áður kynntu frumvarpi til fjárlaga vegna ársins 2009 nemur fjárveiting ríkissjóðs til SHA 1.585,8 millj. króna og hækkar miðað við upphafleg fjárlög ársins 2008 um 12,1%. Þegar hinsvegar hefur verið tekið tillit til þeirra viðbótarfjárveitinga sem borist hafa á þessu ári, aðallega vegna nýrra kjarasamninga og verðlagshækkana, samtals að fjárhæð 82 millj. króna, nemur áætluð hækkun því tæplega 6% eða um 89 millj. króna.

Samkvæmt afkomuspá fyrir SHA er gert ráð fyrir að neikvæð niðurstaða muni nema um 55 millj. króna í lok þessa árs eða um 3,5% af ráðstöfunarfé. Rekstrarspá ársins gerir ráð fyrir að heildar rekstrargjöld ársins að frátöldum sértekjum muni nema um 1.552 millj. króna. Frumvarp ársins 2009 er því tæplega 34 millj. króna hærra en rekstur þessa árs skv. rekstrarspá eða 2,2%.

Það sem af er árinu hafa launagjöld hækkað um ríflega 10% vegna hækkunar kjarasamninga. Önnur rekstrargjöld, vörukaup og aðkeypt þjónusta hafa hækkað um ríflega 17% sem rekja má til hækkana verðlags. Í heild hafa rekstargjöld því hækkað um ríflega 12%. Þetta er þróun sem er töluvert umfram það sem verið hefur mörg undanfarin ár hér.

Skammur tími hefur gefist til að fullvinna þær tillögur sem fjallað hefur verið um í framkvæmdastjórn og meðal stjórnenda á SHA um efni ráðuneytis, dags. 14.11.08. Undirbúningur og vinna við útfærslu sérstakra áhersluþátta stendur yfir. Engum þarf að dyljast að inngrip sem hér um ræðir munu þann tíma sem þau vara draga mátt úr starfseminni og samdráttur í þjónustu er fyrirsjáanlegur.

Í þessu sambandi er algjör forsenda fyrir raunhæfum árangri að hugað sé að samræmingu aðgerða hér á SV horni landsins þar sem aðgerðir á einum stað munu hæglega geta haft áhrif á öðrum. Með því að draga úr umfangi starfseminnar á SHA má ætla að erfiðara verði t.d. að viðhalda óbreyttu samstarfi við Landspítala um flutning sjúklinga af LSH til SHA, sbr. samning, dags. 21.01.08 þótt vissulega sé fullur vilji fyrir hendi. Nauðsynlegt er að allir aðilar málsins geri sér ljósa grein fyrir þessu atriði.

Niðurstaða framkvæmdastjórnar eftir umræður á fundum liðna sólarhringa er að leggja fram neðangreinda áætlun sem grundvöll þeirrar aðlögunar sem tímarnir krefjast.


Stöðugildum allra starfsmanna og ráðningakjörum breytt sem nemur 5% - 10%	80.000.000
Breyting á starfsemi legudeilda, sameining og fækkun rúma	30.000.000
Aðgerðabjónusta dregin saman, ein skurðstofa starfrækt	20.000.000
Afleysingar dregnar saman, starfsfólk í húsinu samnýtt	12.000.000
Aukavaktir og yfirvinna skorin niður	10.000.000
Aksturs- og ferðakostnaður endurskoðaður	7.000.000
	<b><u>159.000.000</u></b>

Það er raunar mat stjórnenda á SHA að samdráttur í útgjöldum og starfsemi næsta árs þurfi að vera talsvert meiri en hér er tilgreint. Lágmark eru 12 til 15% að teknu tilliti til tilmæla ráðuneytis um niðurskurð á árinu svo rekstur megi verða í jafnvægi. Þannig séu um 160 millj. króna vegna 10% niðurskurðar og á bilinu 50 til 70 millj. króna til lækkunar svo koma megi til móts við áður fyrirséða fjárvöntun miðað við óbreytt frumvarp.

Eins og að framan er greint, þá er unnið að útfærslu einstakra þátta skv. beiðni ráðuneytis m.t.t. ákvæða í kjarasamningum og í samræmi við lagaumhverfi opinberra starfsmanna. Ásetningur framkvæmdastjórnar SHA er að leita eftir samkomulagi við starfsfólk um breytingar en beita að öðrum kosti þeim úrræðum sem lagabókstafurinn heimilar. Brýnt er að stjórnendur stofnunarinnar geti notið lögfræðilegrar handleiðslu starfsmanna heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis í þessari vinnu.

Framangreint eru frumtillögur stofnunarinnar og þess er eindregið vænst að samráð verði haft um framkvæmd þeirra úrræða sem gripið verður til. Rík ástæða er til að stofnanir stilli saman strengi sína að því marki sem nauðsynlegt er svo viðbúnaður verði nýttur með árangursríkum hætti við þær aðstæður sem skapast hafa í samfélaginu.

Virðingarfyllst,



Guðjón S. Brjánsson  
forstjóri